

Fundargerð stjórnar Hestamannafélagsins Borgfirðings

11.08.2025

Fundur settur 18:30

Mætt eru : Heiða Dís, Haukur, Þorsteinn, Eypór, Elisabeth, Friðrika,

1. Uppgjör v. Fjórðungsmót

Stjórn ræðir um fjórðungsmótið, hvernig það gekk og fleira.

Ekki er enn komið fjárhagsuppgjör hjá Hestamannafélaginu né nefndinni eins og stendur. En að öllu leyti lítur staðan vel út á báða bóga.

Með hausti á að vera komið uppgjör frá bæði Félagið og nefndina.

2. Starf síðsumars og haust

Nefnt var firmakeppni sem að hefur verið um vorinn seinustu ár, en núna síðustu tvö ár hefur ekkert verið haldið, en stefnt er á að reyna að halda það næsta vor, og rífa það upp.

Að öðru leiti er starf félagssins farið í dvala og lítið um mót og aðrar starfsemir.

Rætt var um hvenær ætti að halda aðalfund.

Auk þess var líka verið að hæla uppskeruhátíðina sem haldinn var í lok nóvember á seinasta ári og stefnt er á að halda slíka aftur.

Annað sem þarf að gera í haust er að færa dómhúsið einhverja metra til baka. Finna út hvar dómhúsið á að vera og festa það niður.

3. Anddyri reiðhallar og aðgerðaráætlun

Vindás fékk styrk frá Borgarbyggð fyrir anddyrið sem var í kringum 6 milljónir.

Verkið frestaðist í vor og það vantar byggingarstjóra, og leyfi Haukur mun heyra í byggingarstjóra og fá hann til að koma og yfirsjá verkið.

Haukur leggur til að Eypór, Þorsteinn og hann sjálfur fara í einskonar nefnd sem að munu sjá um verkið og skipulag sem stendur þar á bakvið, stjórn samþykkir það.

Reyna að fá mannskap að hluta allaveganna í sjálfbóðastarf og hjálpast að koma þessu af stað. Verkefni haustsins.

4. Heimasíða

Elisabeth tók að sér heimasíðuna, og búið er að læra inn á hana, uppfæra stjórn og fundargerðir.

Nokkrar spurningar vöknudú um tölvupóstinn og umsóknir í félagið. En það var allt afgreitt á fundi.

5. Önnur mál

- Stjórn samþykkir samhljóða það héðan í frá mun stjórnin sjá um störf Uppstillingarnefndar.
- Auglýsa fyrir aðalfund að þeir sem að vilja gefa kost á sér í stjórn og nefndir að endilega gera það.
- Klæðning á Félagsheimilinu, búið að greiða út hluta af styrknum og var rætt um að hvort ætti að drífa þetta í gang, ákveðið hefur verið að bíða aðeins með þetta verkefni og huga frekar á að klára anddyrið fyrst.
Athuga með að finna einhvern sem að getur gefið tilboð í verkið, og þaðan af sjá hvort verður farið í verkið eða beðið með það. Einnig er spurning um að taka eina hlið í einu.
Loka hurðina sem að beinir út að veg og opna frekar aðra sem að snýr að reiðvellingum.
- Rætt var um þá félagsmenn sem að ekki hafa greitt félagsgjöld en ekki var tekin nein lokaákvörðun.
- Allar skráningar á námskeið sem að fram fara í svæðinu, verða hér með í gegnum Abler en ekki í gegnum tölvupóst eða aðrar skráningarleiðir.

Fundi slitið 19:25